

Reglur um niðurfellingu á húsaleigu í félagsheimilum Snæfellsbæjar, Klifi og Röst

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett gjaldskrá fyrir útleigu á félagsheimilum í eigu bæjarfélagsins.

Hægt er að óska eftir styrk til að koma til móts við kostnað vegna þessarar húsaleigu þegar um er að ræða:

- a) Samkomur fyrir leikskóla- og grunnskólabörn, hvort sem þær eru á vegum skólanna eða foreldrafélaga þeirra.
- b) Samkomur fyrir börn á vegum félagasamtaka, s.s. jólatrésskemmtun, leikfangahappdrætti eða annað í þeim dúr.
- c) Samkomur vegna annarra skóla, s.s. Fjölbrauta- og tónlistarskóla.
- d) Samkomur á vegum íþróttá- og æskulýðsfélaga, þegar þær eru vegna barna og unglunga.
- e) Samkomur á vegum líknarfélaga í Snæfellsbæ þar sem börn, unglingar og/eða eldri borgarar njóta góðs af.

Umsóknir um styrk þurfa að hafa borist bæjarstjórn Snæfellsbæjar áður en viðkomandi uppákoma fer fram.

Í öllum tilvikum þurfa leigutakar að sjá sjálfir um þrif, skemmtana- og STEF gjöld og annan þann kostnað sem til getur fallið. Bæjarstjórn veitir eingöngu styrk til niðurgreiðslu á húsaleigu félagsheimilanna.

Ef leigutaki þarf að nota ljósa- og/eða hljóðbúnað félagsheimilanna þarf að óska eftir því sérstaklega við húsvörð. Húsvörður sér um að kalla til umsjónarmann tækjanna og greiðir leigutaki sérstaklega fyrir það skv. gjaldskrá félagsheimilanna.

Leigutakar þurfa sjálfir að tala við húsvörð félagsheimilanna til að fá úr því skorið hvort húsið er laust til leigu þann dag sem uppákomuna á að halda.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, 7. febrúar 2013